

Fyrsti lærði íslenski myndhöggvarinn Einar Jónsson vann verk sín út frá hugmyndum táknyggjunnar (symbolismans). Hið flókna tákni verkanna byggði hann meðal annars á bókmenntum, sögum og trúarheimspeki.

Höggmyndin **Dögun** tengist íslensku þjóðsögunni um Nátttröllid á glugganum. Í sögunni segir að stúlkan hafi varist tröllinu með því að kveðast á við það þar til dagur reis og tröllid varð að steini. Einar sagði sjálfur að tröllid táknaði efnishyggjuna, og er stúlkan þá tákni hugans eða sálarinnar. **Dögun** má því túlka sem sigur andans yfir efninu, sigur ljóssins yfir myrkrinu, eða sigur hins góða yfir hinu illa.

Hvernig eru þessar andstæður sýndar í verkinu?

---

---

---

---

Impressjónismi blómstraði í málaralistinni þegar frönsku listamennirnir Edgar Degas og Auguste Renoir gerðu dansmeyjarnar og þvottakonuna.

Hvaða munur finnst þér vera á yfirborði þessarra verka og verka Aristide Maillol og Ásmundar Sveinssonar? Er eitthvað annað ólíkt við verkin? Skoðuðu til dæmis hvort konurnar séu á hreyfingu eða í ró.

---

---

---

---

---

---

---

---




Einar Jónsson  
*Dögun* 1906




Edgar Degas  
*Dansmey að skoða á sér illina* um 1910



Aristide Maillol  
*Sitjandi kona með krosslagða fætur* 1900



Ásmundur Sveinsson  
*Þvottakona* 1936



Auguste Renoir  
*Litla þvottakonnan* 1916-19